Menntastofnun Íslands og Bandaríkjanna
Iceland-U.S. Educational Commission

Summer College Academy

Tækifæri til að kynnast háskólanámi og bæta enskukunnáttu á styrk frá Menntastofnun Íslands og Bandaríkjanna

Summer College Academy gefur námsmönnum á aldrinum 16-18 ára tækifæri til að kynnast bandarísku háskólaumhverfi og menningu og bæta enskukunnáttu sína. Námskeiðin veita góðan undirbúning fyrir háskólanám almennt og er frábært tækifæri fyrir þá sem hafa sérstakan áhuga að kynna sér háskólanám í Bandaríkjunum. Sumarið 2027 býður stofnunin upp á námskeið í tveimur bandarískum háskólum. Lengd og tímasetning námsdvalar fer eftir þeirri námsleið sem verður fyrir valinu.
Menntastofnun Íslands og Bandaríkjanna veitir íslenskum námsmönnum styrk til þátttöku í Summer College Academy sumarið 2027. Ferðir, þátttökugjöld og uppihald eru greidd fyrir valda þátttakendur. Styrkurinn er tilkynntur með fyrirvara um fjármögnun.
Sótt er um styrkinn hjá Menntastofnun Íslands og Bandaríkjanna og nálgast má **nánari upplýsingar, gögn og umsóknareyðublöð hér.**

Umsóknarfrestur er til og með 29. nóvember 2026.

Almenn skilyrði sem íslenskir umsækjendur þurfa að uppfylla:

- vera í framhaldsskólanámi á Íslandi
- vera á aldrinum 16-18 ára þegar námskeiðið fer fram
- vera góðir námsmenn og félagslega virkir
- hafa lokið enskunámi í samræmi við aðalnámskrá grunnskóla og stundað enskunám á framhaldsskólastigi
- hafa íslenskan ríkisborgararétt
- vera þroskaðir og ábyrgir einstaklingar með akademískan metnað

Gert er ráð fyrir því að styrkþegarnir séu „góðir fulltrúar lands og þjóðar“ sem munu, á meðan á námsdvöl stendur, kynna eigin menningu á jákvæðan hátt í Bandaríkjunum. **Þátttakendur skuldbinda sig til virkrar þátttöku í öllu námskeiðinu og að lúta reglum gestgjafans á meðan á dvölinni stendur.** Stofnunin mun skipuleggja ferðir þátttakenda og er gert ráð fyrir að þeir fari beint á námskeiðið við komu til Bandaríkjanna og svo beint til Íslands að námskeiðinu loknu. Tekið verður á móti þátttakendum við komu og verða umsjónarmenn ávallt til staðar í gegnum námskeiðið.

Sumarið 2027 býður Menntastofnun Íslands og Bandaríkjanna upp á styrki til þátttöku í eftirfarandi sumarnámsleiðum innan Summer College Academy:

Vanderbilt University

- Vanderbilt Summer Academy (VSA)
- Vanderbilt Summer Institutes (VSI)

University of Wisconsin–Madison

- Wisconsin International Precollege Academy (WIPA)
- Badger Summer Scholars
- Summer Music Clinic

Ofangreindar námsleiðir eru þær sem standa umsækjendum til boða á vegum stofnunarinnar. Aðrar námsleiðir á vefsíðum háskólanna falla ekki undir þennan styrk.
Nánari upplýsingar um einstök námskeið innan þessara námsleiða fyrir sumarið 2027 verða birtar síðar. Á þessu stigi eru umsækjendur hvattir til að kynna sér námsleiðirnar og þá háskóla sem í boði eru og velja tvær námsleiðar sem þeim líst best á. Þegar þátttakendur hafa verið valdir mun stofnunin aðstoða valda umsækjendur við gerð lokaumsóknar og lokaval á skóla (en sá skóli/námskeið sem verður fyrir valinu getur tekið breytingum). Þess skal getið að námskeið, inntökuskilyrði og umsóknarferli eru mismunandi eftir skólum og þurfa umsækjendur að kynna sér þau vel áður en skólar eru valdir.
Senda skal útfyllta umsókn og námsferilsyfirlit á adviser@fulbright.is eigi síðar en 29. nóvember 2026. Jafnframt skal **námsferilsyfirlitið vera á ensku og meðaleinkunn þarf að koma skýrt fram.** Umsækjendur skulu óska eftir slíku yfirliti hjá sínum skóla.
Jafnframt skal umsækjandi tryggja að **meðmælandi sendi umsögn beint á adviser@fulbright.is eigi síðar en 29. nóvember 2026. Ekki** er tekið við meðmælum sem berast í gegnum umsækjanda.

Hér fyrir neðan má finna frekari upplýsingar á ensku:

The Academy is a short-term academic enrichment program for 16- to 18-year-olds who are intermediate or advanced English speakers. In-person Academy sessions are intensive campus-based programs that provide participants the experience of living on a U.S. campus and exploring the U.S. higher education landscape and options. This opportunity is announced pending availability of funds.

The following U.S. campuses will host sessions for Summer College Academy grantees in 2027:

- Vanderbilt University
- UW-Madison University

Summer College Academy exposes students to life on a U.S. college campus and equips them with skills to be successful at the undergraduate level. Some programs focus on classroom study and gaining real insight into the life of a college student, while others focus more on the college application process and how to research academic and financial aid options, as well as possible visits to nearby institutions. All students will have opportunities to improve their English skills in an immersive environment, make connections with peers and teachers, and participate in cultural activities that will give them a taste of American life.

„Í heildina var þetta ógleymanleg reynsla sem ég mun taka með mér áfram. Ég eignaðist nýja vini, lærði heilmikið og fékk innsýn í bæði háskólalíf og bandaríska menningu.“